

Nd.

312. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, þeir Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal og Jónas Pétursson, vill afgreiða frumv. óbreytt. Minni hlutinn mælir með samþykkt þess, en gerir breytingartillögur, er hann flytur á sérstöku þingskjali.

Jarðræktarlögin eru sú lagasetning um landbúnaðarmál, sem segja má að sé móðir allra annarra laga um málefni landbúnaðarins. Með setningu jarðræktarlaganna kom fyrst verulegt skrið á ræktunarframkvæmdir bænda, enda var með þeim lögum fyrst viðurkennt í verki af löggjafans hálfu, að ræktun landsins og umbætur til eflingar atvinnurekstri bænda er mál, sem þjóðina alla varðar. Íslenskur landbúnaður var að mestu byggður á rányrkju, allt fram til þess er jarðræktarlögin fóru að hafa áhrif, en þá hófst hér eins konar landnám á þann hátt, að bændur fóru að rækta og bæta landið, svo að uppskeran óx og varð árvissari og minna háð sveiflum tíðarfarsins en áður var. Með þátttöku ríkisins í kostnaði við ræktun og umbætur í sveitunum hefur þjóðin verið að tryggja sér örugga fótfestu í landinu. Framleiðsla hinna hollu matvæla er undirstaða þess, að þjóðinni geti fjölgað og liðið vel. Aðrar þjóðir, sem búa þó við meiri landkosti og hlýrra loftslag, telja ekki eftir há fjárframlög til að styrkja bændur í starfi þeirra.

Ákvæði jarðræktarlaganna um ríkisframlög eru úrelt orðin vegna breytts verðlags. Framlögin eru bundin við krónutölu á hverja einingu framlagsskyldra framkvæmda, að viðbætti verðlagsuppbót samkv. vísitölu, sem sett var föst á sínum tíma. Hefur þetta haft þau áhrif, að raunverulega er ríkisframlagið sífellt að lækka. Aðstaða bænda til að framkvæma umbætur hefur þannig stórversnað ár frá ári, eftir því sem dýrtíðin hefur stigið hærra og hærra. Með því að hækka jarð-

ræktarframlagið á túnrækt fyrst upp að 10 ha. og síðan upp í 15 ha., hefur þetta ekki orðið eins tilfinnanlegt hvað jarðræktina snertir og viðvikjandi því að koma upp girðingum og byggingum, svo sem heyllöðum, votheysgeymslum, garðávaxta-geymslum, súgburrkunarkerfum, safnþróum og áburðargeymslum.

Úr þessu þarf að bæta sem fyrst, svo að þessar framkvæmdir stöðvist ekki, en verði haldið áfram að reisa þær í því formi, er hæfir nútímabúskap.

Með hverju ári sem líður eykst mjög þörfin fyrir leiðbeiningarstörf kunnáttu- manna í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins. Búnaðarsamböndin, sem nú bera verulegan hluta af kostnaði við störf héraðsráðunauta, bæði kaupi þeirra og ferða- kostnaði, eru ekki fær um að standa undir þeim útgjöldum, hvað þá að auka þau með fjölgun ráðunauta, sem þó væri hin mesta þörf. Minni hlutinn telur nauðsyn- legt að taka tillit til þessa ástands og leggur til, að hækkaður verði hluti ríkisins af kostnaði við laun og ferðir héraðsráðunauta.

Sjálfsagt er að viðurkenna, að hið nýja framlag, sem í frv. er ákveðið til plóg- ræsa, er þýðingarmikið og mun hjálpa verulega til við þurrkun lands. En lengra þarf að ganga, svo áriðandi sem það er, að þurrkun mýrlendis, bæði til ræktunar og heitar, gangi hratt. Ekki er með frv. gert ráð fyrir hækkuðu framlagi til annarrar framræslu en plógræsanna, en þau eiga að fá, að því er virðist, um 60% af kostnaði. Minni hlutinn vill, að framlag til hvers konar framræslu og annarra fram- kvæmda, sem framlagsskyldar eru, verði ákveðinn hluti af kostnaði og sé kostnaður við hverja tegund framkvæmda árlega metinn af sérfræðingum.

Lagt er til, að framlagið til framræslu, bæði opinna skurða og hvers konar lokaðra ræsa, verði 75% af kostnaði.

Þá vill minni hlutinn, að framlag til frumvinnslu lands til túnræktar verði hækkað, og leggur til, að það verði 25% af kostnaði, en nú mun þetta nema um 10%, og að það verði látið ná einnig til frumvinnslu vegna grænfróðurs- og korn- ræktar, því að slík fóðuröflun er jafn þýðingarmikil og taðan.

Án girðinga kemur ræktun ekki að gagni. En slíkar framkvæmdir eru kostnaðar- samar, og mun núverandi framlag til þeirra ekki vera nema 11% af verði girðing- anna. Minni hlutinn leggur til, að þetta framlag hækki og verði 25%.

Framlag til þurrheyshlöðubygginga, sem eru mjög dýrar framkvæmdir, er svo lágt, að litlu máli skiptir fyrir þá, sem slíkar framkvæmdir gera, hvort þeir fá það eða ekki, en það mun vera sem næst 2.3% af kostnaði. Í tillögum minni hlutans er gert ráð fyrir, að það verði 15%.

Bændur hafa mjög verið hvattir til að koma upp votheysgeymslum til að auka öryggi í fóðurverkuninni. Framlag til þeirra er mjög lágt eða um 8.5% af kostnaðar- verði. Er í tillögum minni hlutans gert ráð fyrir allríflegu framlagi, 25% af kostnaði, og mætti þá gera ráð fyrir örum framkvæmdum af þessu tagi, en aukin votheysgerð er mjög aðkallandi og þýðingarmikill þáttur til að efla afkomu bænd- anna.

Þá leggur minni hlutinn einnig til að hækka verulega framlög til áburðar- geymslna (safnþróa, áburðarhúsa, haugstæða og kjallara) og að það verði 25% af kostnaðarverði slíkra bygginga. Enn fremur að framlag til garðávaxtageymslna, sem nú mun vera um 8.5%, verði 15%.

Í frumvarpinu er framlag til súgburrkunar hækkað allmikið, er það góð ráð- stöfun, svo langt sem hún nær. Minni hlutinn vill þó ganga lengra og hafa þetta ákveðinn hluta af kostnaði og leggur til, að það verði 40%.

Alþingi, 24. febr. 1964.

Ágúst Þorvaldsson.